

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Tekju- og lagaskrifstofa
Dagsetning: 28. mars 2000
Málsnúmer: FJR00020092
Bréfalykill: 150 Lífeyrismál - almennt

Efni: Að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hefur fjármálaráðuneytið tekið saman skriflegar athugasemdir við umsögn Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar, dags. 27. mars 2000, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Athugasemdirnar eru settar fram í sömu töluröð og athugasemdir Fjármálaeftirlitsins.

1. töluliður: Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þennan tölulið.

2. töluliður: Ráðuneytið tekur undir það með Fjármálaeftirlitinu að reglur um fjárfestingar lífeyrissjóða séu mikilvægur þáttur í að tryggja hagsmuni sjóðfélaga, einkum þar sem um skyldubundinn lífeyrissparnað er að ræða og sjóðfélögum er almennt óheimilt að flytja áunnin réttindi sín í aðra sjóði. Engu að síður telur ráðuneytið eðlilegt að verða við eindreginni rökstuddri ósk forsvarsmanna fjölmargra lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða um að rýmka nokkkuð heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í tilteknum flokkum verðbréfa. Um rök fyrir þessari rýmkun vísast til athugasemda með framangreindu frumvarpi, en þar segir m.a.:

Með breytingunum er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um að skynsamlegt sé að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga þar sem núverandi reglur séu til þess falnar að draga úr möguleikum lífeyrissjóða á að nýta sér þá fjárfestingarkosti sem þeir telja vænlegasta. Rýmkun á heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum mun hins vegar hafa það í för með sér að gengisáhætta lífeyrissjóða getur orðið meiri en nú er. Á móti vegur að lífeyrissjóðum gefst nú kostur á að dreifa áhættu af fjárfestingum í verðbréfum í meiri mæli á mismunandi markaði og draga þannig úr áhrifum staðbundinna sveiflna á hag sjóðanna. Jafnframt er bent á að rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum er í samræmi við það álit sem fram kemur í ársskýrslu OECD fyrir árið 1999, að rétt sé að auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum þar sem það gefi þeim færi á að dreifa eignum sínum betur og möguleika á aukinni arðsemi fjárfestinga. Loks má nefna að það nýmæli að heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum, útgefnum af erlendum aðilum, veitir sjóðunum rýmri möguleika á að nýta sér arðvænlega fjárfestingarkosti erlendis. Um leið hvílir aukin ábyrgð á stjórnendum sjóðanna að afla sér nauðsynlegra gagna til að þeir geti metið þá áhættu sem í fjárfestingunni felst, því að eftir sem áður ber stjórn lífeyrissjóðs að ávaxta fé sjóðsins með það að markmiði að ná góðri en jafnframt öruggri ávöxtun, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997.

Það aukna svigrúm sem felst í framangreindum breytingum gefur lífeyrissjóðum aukið frelsi til að móta mismunandi fjárfestingarstefnu með hliðsjón af ólíkum hagsmunum einstakra hópa sjóðfélaga. Þannig gefast þeim nú frekari möguleikar á að bjóða mismunandi fjárfestingarstefnu með tilliti til aldurs og tekna sjóðfélaga. Með því opnast rýmri möguleikar fyrir lífeyrissjóði til að gefa yngri sjóðfélögum og þeim sem þegar hafa tryggt sér öruggan lífeyri kost á því að ávaxta stærri hluta lífeyrissparnaðar í hlutabréfum og/eða erlendum gjaldmiðlum þar sem hagsmunir þeirra eru ekki eins háðir tímabundnum sveiflum á fjármagnsmörkuðum og annarra hópa sjóðfélaga.

Varðandi það sem fram kemur í umsögn Fjármálaeftirlitsins að enn hafi ekki allir lífeyrissjóðir fengið starfsleyfi vill ráðuneytið taka fram að enn eiga nokkrir lífeyrissjóðir eftir

að fá starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997. Hins vegar er rétt að taka fram að þeir lífeyrissjóðir sem varðveita bróðurpartinn af eignum íslenska lífeyrissjóðakerfisins hafa fengið starfsleyfi samkvæmt lögnum. Gert er ráð fyrir að allir lífeyrissjóðir verði komnir með starfsleyfi fyrir 1. maí 2000.

3. töluliður: Fjármálaeftirlitið leggur til að það setji reglur um form og efni fjárfestingastefnu lífeyrissjóða og reglur um form og efni skýrslna um ávöxtun eignasafna sjóðanna, í stað fjármálaráðherra eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að setning reglnanna verði í höndum Fjármálaeftirlitsins ef nefndin telur það heppilegra.

4. töluliður: Í 21. gr. laga nr. 129/1997 er mælt fyrir um það að lífeyrissjóðir sem í greiði færri en 800 sjóðfélagar með reglulegum hætti skuli tryggja áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með tilteknum hætti. Í 10 gr. frumvarpsins er lagt til að lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka verði undanþegnir þessari skyldu. Fjármálaeftirlitið varar við þessari breytingu, m.a. með vísan til bágrar fjárhagsstöðu sumra af þeim sveitarfélögum sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra lífeyrissjóða sem hér um ræðir. Ráðuneytið telur ekki efni til að óttast að fjárhagsstaða umræddra sveitarfélaga sé með þeim hætti að ábyrgð þeirra tryggi ekki áhættudreifingu með jafn tryggum hætti og væri ef 800 sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðanna í mánuði hverjum. Því telur ráðuneytið ekki ástæðu til breytinga á 10. gr. frumvarpsins.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að þær tryggingaráðstafanir sem mælt er fyrir um í 21. gr. laga nr. 129/1997 kosta nokkur fjárútlát fyrir þá lífeyrissjóði sem til þeirra þurfa að grípa. Það er því ekki ástæða til að skylda lífeyrissjóði til slíkra ráðstafana nema sérstök rök séu til þess.

Til viðbótar framangreindum athugasemdum vekur Fjármálaeftirlitið athygli á þremur atriðum:

1. töluliður: Ráðuneytið tekur að nokkru leyti undir þau sjónarmið sem fram koma hjá Fjármálaeftirlitinu varðandi túlkun og framkvæmd 4. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997. Ráðuneytið telur hins vegar ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðinu að svo komnu máli. Eðlilegt er að það bíði þeirrar endurskoðunar á lögnum sem gert er ráð fyrir að fari fram fyrir árslok 2001.

2. töluliður: Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við 2. tölulið.

3. töluliður: Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í 3. tölulið. Ráðuneytið leggur þó ekki til að sú tillaga sem þar kemur fram verði lögfest nú þar sem það telur eðlilegt að skoða nánar áður, í samráði við lífeyrissjóðina, með hvaða hætti best verði staðið að þessum málum.